

44. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 15. mars 2016, kl.

13:00 á í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Jónína Magnúsdóttir, Edward Huijbens, Preben J. Pétursson, Halldóra María Elíasdóttir í forföllum Hildar Aspar Gylfadóttur, Haukur Orri Kristjánsson fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldrafélags, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Ársskýrsla 2015

Lögð fram ársskýrsla Menntaskólans á Tröllaskaga 2015 sem skilað hefur verið inn til ráðuneytis.

Nokkrar umræður urðu um þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni.

2. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari upplýsti að dönskukennari sem verið hefur í námsleyfi í tvö ár, kemur aftur til baka í haust. Enskukennari fer hins vegar í námsleyfi. Ekki er nauðsynlegt að auglýsa eftir enskukennara þar sem málið er leyst innanhúss. Starf náms- og starfsráðgjafa verður auglýst með Grunnskóla Fjallabyggðar.

3. Störf skólanefndar

Þessum lið frestað til næsta fundar.

4. Rekstrarniðurstaða síðasta árs

Farið var yfir fjármál skólans á síðasta fundi og ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða ársins. Fjármálastjóri lagði fram yfirlit yfir stöðuna.

5. Önnur mál

a. Húsnæðismál

Skólameistari og aðstoðarskólameistari gerðu grein fyrir stöðu mála hvað varðar undirbúning viðbyggingar við skólann. Haldnir hafa verið þrjár fundir hjá undirbúningsnefnd/vinnuhópi en þar eiga skólameistari og aðstoðarskólameistari sæti ásamt bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og tæknifræðingi sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00